

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. maí 2012  
Tilvísun: 2012040017/50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.  
140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 1165 — 727. mál.**

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 25. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. 140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 1165 — 727. mál.

Orkustofnun vekur athygli á að við undirbúningsvinnu við áætlun um vernd og orkunýtingu sat orkumálastjóri í verkefnisstjórn um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem skipuð var af iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra 24. ágúst 2007 og vísað er til í fylgiskjal 1 með tillögunni. Hann var einnig formaður faghóps IV. Einnig hafa starfsmenn Orkustofnunar komið að starfi rammaáætlunar með margvíslegum hætti. Orkustofnun er því aðili máls og sér þess vegna ekki ástæðu til að tjá sig um megin efnisþætti framangreindrar þingsályktunartillögu, sem Orkustofnun hefur kynnt sér, að öðru leyti en því að tillagan víkur frá faglegum niðurstöðum verkefnisstjórnarinnar og upphaflegri þingsályktunartillögu, sem fór til umsagnar. Á þetta einkum við um flutning á þremur virkjunarkostum í vatnsafla á Suðurlandi, þ.e. nr. 31 Urriðafossvirkjun, nr. 29 Hvammsvirkjun og nr. 30 Holtavirkjun, öllum í Þjórsá. Tillagan gerir þannig ráð fyrir að hagkvæmstu og best rannsökuðu virkjunarkostirnir verði fluttir úr orkunýtingarflokki í biðflokk. Þá eru virkjunarkostir í háhita, nr. 91 og nr. 104 Hágönguvirkjun, 1. og 2. áfangi, sem og virkjunarkostur í vatnsafla nr. 26 Skrokkölduvirkjun, einnig fluttir úr nýtingarflokki í biðflokk, án þess að faglegum forsendum sem lágu til grundvallar mati faghópa sé hnekk.

Það er mat Orkustofnunar að tillögu verkefnisstjórnarinnar beri að skoða sem heild. Orkustofnun gæti hafa komist að annarri niðurstöðu varðandi einstaka virkjunarkosti í vinnu verkefnisstjórnarinnar, en taldi eðli málsins samkvæmt mesta hagsmuni fólgnu í því að skapa skýra framtíðarsýn um verndun og orkunýtingu eins og sú tillaga gerir ráð fyrir. Þannig yrði lagður grunnur að stöðugu umhverfi fyrir atvinnuuppbyggingu á sviði orkuiðnaðar, ferðamála og annarrar landnýtingar.

Orkustofnun vill vekja athygli á því, að virkjunarkostir sem samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu falla í nýtingarflokk, tengjast nær eingöngu háhitasvæðum en ekki vatnsaflsvirkjunum samkvæmt tillögunni. Þorri þeirra virkjunarkosta á það sameiginlegt að raunveruleg afkastageta háhitasvæðanna liggur enn ekki fyrir, þar sem endanlegt mat á orkugetu svæðanna fæst aðeins með rannsóknarborunum og með því að virkja svæðin í áföngum.

Á lokastigi vinnu við upphaflega tillögu fóru virkjunarkostirnir í vatnsafla nr. 21 Hólmsárvirkjun neðri og nr. 7 Skatastaðavirkjun í biðflokk á grundvelli upplýsinga og ábendinga sem voru of seint fram komnar til þess að hægt væri að vinna úr þeim. Nú bætast vatnsaflsvirkjanir í neðri Þjórsá í þann flokk. Það er mat Orkustofnunar að með þessu verði markmiðum um sjálfbæra uppbyggingu raforkuframleiðslunnar stefnt í hættu. Þrýstingur á hraðari nýtingu jarðvarmans eykst, það tæknilega og efnahagslega öryggi og þar með sú hagkvæmni, sem fæst með því að virkja samhliða jarðhita og vatnsafl verður ekki fyrir hendi. Orka í sífelldri endurnýjun sem ekki er beislud í vatnsföllum er glötuð meðan orku í jarðvarmalindum má að einhverju marki líta á sem forða sem bíður nýtingar. Fyrirheit um endanlega afgreiðslu innan tveggja ára

gæti sett alla nýja orkuframleiðslu í biðstöðu þar til ákvörðun liggur fyrir.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við fram komna þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,  
f. h. orkumálastjóra



Kristinn Einarsson  
yfirverkefnisstjóri - staðgengill orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen  
lögfræðingur